
33. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 15. júní 2016 kl. 14:00.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skólanámskrá
2. Skóladagatal
3. Fulltrúar foreldra
4. Vinna við starfsáætlun og námskrá
5. Námsmat
6. Skýrsla: „Skipan sérúrræða í grunnskólum Hafnarfjarðar“
7. Önnur mál

1. Skólanámskrá

Skólanámskrá fyrir næsta skólaár var kynnt. Farið var yfir uppbyggingu og helstu áhersluatriði Aðalnámskrá grunnskólana sem er rauður þráður í gegnum skólanámskrána. Hægt verður að nálgast skólanámskrá Lækjarskóla á heimasíðu skólans.

2. Skóladagatal

Vegna skóladagtals næsta skólaárs þarf að færa vorhátíð frá 2. júní þannig að hún verði jafnvel viku fyrr. Fulltrúi foreldra ætlar að athuga málið betur.

3. Fulltrúar foreldra.

Í kjölfar ferðar nemenda Lækjarskóla af miðstigi var rætt um ferðamál og öryggi nemenda í strætóferðum.

4. Vinna við starfsáætlun og námskrá

Starfsáætlun Lækjarskóla fyrir næsta ár var lögð fram. Það má segja að Starfsáætlun sé nokkurs konar handbók fyrir starfsfólk, þar kemur fram flest það er snertir skólann. Starfsáætlun er á heimasíðu skólans og tekur breytingum yfir skólaárið.

5. Námsmat

Ekki tekið fyrir

6. Skýrsla: „Skipan sérúrræða í grunnskólum Hafnarfjarðar“

Skýrslan var lögð fram.

7. Önnur mál

- Kannanir Skólapúlsins 2015-2016 eru eitt af verkfærum skólans til að meta innra starf þess.
Niðurstöður starfsmannakönnunar voru kynntar.
- Tímamagn til úthlutunar hefur minnkað þrátt fyrir að þörfin sé ennþá til staðar.
- Skýrsla um sérkennslu. Þar kemur fram að þörfin á sérkennslu hefur ekki minnkað.
- Fjölgreinanámið verður áfram og móttökudeild fyrir nýbúa og sérdeild fyrir þroskaraskanir.
- Fundargerðir skólaráðs lagðar fram.

- Aðstöðuleysi unglunga í skólanum. Vantar nauðsynlega að finna lausn sem allra fyrst. Liggur þungt á nemendum.
- Umræða um reglur vegna snjallsíma.
- Kostnaður vegna nemenda. Hægt er að búa til sjóð. Foreldrafélagið, 9. bekkur taki þátt í fjáröflun á skólaárinu og sjái um kaffiveitingar í útskrift.

Starfsáætlun og skólanámskrá, teknar á dagskrá, ræddar nánar og undirritunarblað undirritað af fulltrúum skólaráðs.

Fundi slitið kl. 16:30

Fundinn sátu:

Haraldur Haraldsson, skólastjóri
Jórunn Kristín Fjelsted, fulltrúi foreldra
Heiðrún Jóhannsdóttir, fulltrúi kennara
Egill Steinar Sturluson, nemendaráði, fulltrúi nemanda
Kolbrún María Einarsdóttir, nemendaráði, fulltrúi nemanda
Arna. B. Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir